





## Dalvíkurskóli

## Tónmennt

Námsþáttur	1.bekkur	2.bekkur	3. bekkur	4. bekkur
<b>Menningarläsi</b> (sameiginleg hæfniviðmið fyrir list og verkgreinar bls. 142)	<b>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 142):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.</li> <li>• Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.</li> <li>• Unnið einföld verkefni í hópi.</li> <li>• Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið.</li> <li>• Gert grein fyrri hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.</li> <li>• Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.</li> <li>• Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.</li> <li>• Gengið frá eftir vinnu sína.</li> <li>• Lagt mat á eigin verk.</li> </ul>			
<b>Hæfniviðmið fyrir tónmennt</b>	<b>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 150-151):</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.</li> <li>• Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna.</li> <li>• Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri.</li> <li>• Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.</li> <li>• Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslensk þjóðlög).</li> <li>• Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.</li> </ul>			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist hljóðfærum, s.s. klukkuspili og þríhorni, beri kennsl á hljóð þeirra og geti notað þau í leik og söng.</li> <li>• Beri kennsl á hljóð, bæði úr umhverfinu og frá nokkrum hljóðfærum.</li> <li>• Geti haldið á slegli og slegið í takt.</li> <li>• Læri að njóta þess að syngja.</li> <li>• Þjálfist í að hlusta á tónlist, einbeita sér og tjá sig með tónum</li> <li>• Þjálfist í að hreyfa sig í takt (leikir með söngvum, hreyfileikir og hringdansar)</li> <li>• Kynnist verkum nokkurra íslenskra tónskálda, s.s. Ingibjörgu Þorbergs (<i>Jólakötturinn</i>, <i>Hann Ari er lítill</i>) og Sigvalda Kaldalóns (<i>Á sprengisandi</i>)</li> <li>• Kynnist Mozart og barnalögum hans, s.s. <i>A,B,C,D</i> og <i>Hann Tumi fer á fætur</i>.</li> <li>• Viti hvað göngunóta og hlaupanóta merkir og geti klappað í takt við þær.</li> <li>• Kynnist grafískri nótanskrift og geti farið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist fleiri hljóðfærum, s.s. tréspili, hristum og ásláttarhljóðfærum, beri kennsl á hljóð þeirra og geti notað þau í leik og söng.</li> <li>• Geti slegið takt með ýmsum hætti.</li> <li>• Njóti þess að syngja.</li> <li>• Geri sér grein fyrir hvers vegna er mikilvægt að kunna íslensk sönglög.</li> <li>• Þjálfist í að hlusta á tónlist, einbeita sér og tjá sig með tónum.</li> <li>• Geti skrifað einfalda grafíska nótanskrift og skráð eigin lög með henni.</li> <li>• Viti hvað fjórðapartsnóta (göngunóta) og áttundapartsnóta (hlaupanóta) merkir og geti slegið takt í samræmi við þær.</li> <li>• Kynnist styrkleikamerkjum <i>p</i> og <i>f</i> og táknum fyrir minnkandi  og vaxandi styrk </li> <li>• Þjálfist í að hreyfa sig í takt við tónlist (hreyfileikir, hringdansar og leikir við</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist fleiri hljóðfærum, s.s. málmblasturshljóðfærum, beri kennsl á hljóð þeirra og geti notað þau í leik og söng.</li> <li>• Njóti þess að syngja.</li> <li>• Geti hlustað á tónlist með öðrum og notið hennar.</li> <li>• Geti farið eftir fjórðapartsnótum (göngunóta) og áttundapartsnótum (hlaupanóta) í taktslætti og söng.</li> <li>• Kynnist framandi tónlist og hljóðfærum, s.s. afrískri tónlist</li> <li>• Þjálfist í að hreyfa sig í takt við tónlist (hreyfileikir, hringdansar og leikir við söngva, t.d. <i>Fram, fram fylking</i>)</li> <li>• Vinni áfram með og túlki út frá <i>Árstíðunum</i>, <i>Karnivali dýranna</i> og <i>Péttri og úlfinum</i>.</li> <li>• Átti sig á hvaða tilgangi tónlist þjónar í kvikmyndum/ teiknimyndum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist fleiri hljóðfærum, s.s. ukulele, og geti spilað eftir einföldum hljóðum.</li> <li>• Njóti þess að syngja.</li> <li>• Geti hlustað á tónlist með öðrum og notið hennar.</li> <li>• Geti spilað einföld lög á tréspil, s.s. <i>Krummi svaf í klettagjá</i>, <i>Gamli Nói</i> og <i>Góða mamma</i> með því að fylgja einfaldri nótanskrift.</li> <li>• Kynnist rafrænni tónlist.</li> <li>• Geti búið til eigin tónlist</li> <li>• Þjálfist í að hreyfa sig í takt við tónlist (hreyfileikir og hringdansar og leikir við söngva).</li> <li>• Vinni áfram með og túlki út frá <i>Árstíðunum</i>, <i>Karnivali dýranna</i> og <i>Péttri og úlfinum</i>.</li> <li>• Kynnist Beethoven og tónverki hans <i>Tunglsskynssónatan</i>. Unnið skv. ferli</li> </ul>



	<p>eftir henni.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Kynnist þögn í tónlist og að hún er táknuð með eyðu í grafískri nótnaskrift.</li><li>• Kynnist því hvað þjóðlög eru og nokkrum íslenskum þjóðvísum.</li><li>• Kynnist nýrri tónlist</li><li>• Kynnist tónsögum (saga í tali og tónum) og læri að búa þær til í gegnum hljóðfæri.</li></ul>	<p>söngva).</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Kynnist tónverkunum <i>Árstíðirnar</i> (Vivaldi), <i>Karnival dýranna</i> (Saint-Saéns) og <i>Pétur og úlfurinn</i> (Prokofiev).</li><li>• Læri nokkrar íslenskar þjóðvísur.</li><li>• Búi til tónsögur í gegnum hljóðfæri.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Kynnist nokkrum þjóðsöngvum héðan og þaðan úr heiminum.</li><li>• Búi til tónsögur í gegnum hljóðfæri og geti kynnt fyrir öðrum.</li></ul>	<p>í vinnubókinni <i>Tónlist og umhverfi</i>.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Geti greint tilfinningar sem tjáðar eru með tónlist.</li><li>• Kynnist tónlist frá ýmsum heimshornum (Afríka, Asía, N-Ameríka, S-Ameríka, Mið-Evrópa) og þjóðfánum samhliða því.</li><li>• Kynnist því að búa til eigin tónlist í gegnum spjaldtölvur.</li><li>• Búi til tónsögur í gegnum hljóðfæri og geti rætt um þær við samnemendur.</li></ul>
--	--	---	--	---